

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 23. júlí 2012
1206017 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði.

Með tölvubréfi dags. 27. júní 2012 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 738. mál, þskj. 1176, lp. 140.

Almenn atriði:

Í frumvarpinu er lögð til endurskipulagning á umdæmum sýslumanna með tilheyrandi starfsmannabreytingum. Jafnréttisstofa minnir á þær skyldur atvinnurekenda sem taldar eru upp í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að:

- atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði
- þeir skuli sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan síns fyrirtækis eða stofnunar
- þeir skuli stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf
- leggja skuli sérstaka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum

Verði þær skipulagsbreytingar að veruleika sem lagðar eru til í frumvarpinu er nauðsynlegt að taka mið af ofangreindu, enda gefst vart betra tækifæri en við slíkar skipulagsbreytingar, til að laga það sem hugsanlega er ekki í eins góðu samræmi við jafnréttislögin og það best gæti orðið.

Um 7. gr.

Jafnréttisstofa minnir á 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 varðandi skipun í nefndir. Gæta þarf þess að bæði konur og karlar úr hópi sýslumanna verði tilnefnd og skipuð í þá nefnd sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins.



Jafnréttisstofa

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skipun verkefnisstjórnar. Jafnréttisstofa minnir á 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 en þar er kveðið á um að þess skuli gætt að hlutfall kynjann í nefndum og ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur